



Stjórnarfundur FKA #11

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 15.4.2026

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH), Puríður Aradóttir Braun (PAB), Jasmina Vajzovic (JV), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll:

1 – Skýrsla framkvæmdastjóra, fjárhagur, styrktaraðilar, ársreikningur, liðnir viðburðir o.fl. (AR)

Mörg verkefni að venju á skrifstofu. AR fer yfir stöðu fjármála, tiltekt í ógreiddum félagsgjöldum og heimasíðu, en staðan á henni er góð, ferlar byrjaðir að virka vel sem skilar sér í færri handtökum. Keyrslur í gegnum Þjóðskrá virka eins og þær eiga að gera.

Umræða á sér stað um að halda Sýnileikadaginn í afmælisviku FKA, nota þar með tækifærið og gera deginum hátt undir höfði.

Mikið og virkt starf hefur átt sér stað hjá FKA Framtíð. Verið er að skoða hugsanlegt samstarf þeirra og annarra félaga og umræða á sér stað um frekari þróun á deildinni, m.a. þegar kemur að aldurstakmörkum.

GHJ bendir á að huga þarf að því að frátekin sé upphæð í rekstraráætlun næsta starfsvetrar fyrir kostnaði tengdum heimasíðu (og tæknitengdum verkefnum).

Ráðstefna Reykjavík Global Forum verður haldin í Hörpu í haust en samtöl hafa átt sér stað að undanförunni við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur varðandi samstarfssamning við FKA.

Stjórnarkonur eru hvattar til að sækja viðburði á vegum félagsins.

Samþykkt samhljóða að halda Sýnileikadaginn í afmælisviku FKA hér eftir, skoða hvað felst í því að vera með túlkun á deginum og skoða samstarf á milli FKA Framtíð og UAK. Einnig er samþykkt að skoða aðkomu FKA að ráðstefnu Reykjavík Global Forum (AR tekur áfram).

2 – Staðan á jafnvægisvogarráði og fyrstu skrefum (RV)

Fyrsti fundur nýs formanns og verkefnastjóra með Jafnvægisvogarráði verður haldinn 16. apríl.

Á undanförunum dögum hefur verið unnið að greiningu gagna með það að markmiði að greina vannýtt tækifæri.

Dagskrá fundarins er:

- Fjölgun þátttakenda - Forgangsröðun og strategía.
- Viðurkenningarhátíð 2026; dagsetning, þema, heiðursgestur, annað.
- Aukin ásýnd. Frá orðum til aðgerða; samfélagsmiðlar, samstarf, Mannauðsdagurinn o.fl.



Forgangsröðun næstu vikna er eftirfarandi:

- Lögð verður áhersla á að virkja bæði landsbyggðadeildir og aðrar deildir innan FKA til að fjölga þátttakendum. Jafnvægisvogin verandi hreyfiaflsverkefni FKA er sameiginlegt verkefni allra félagskvenna og á að vera gert hátt undir höfði. Stefnt er að því að halda viðburði með nefndum og deildum á haustmánuðum til að kynna verkefnið nánar, því þörf er á aukinni kynningu innan starfsins og mikilvægi þess í íslensku atvinnulífi.
- Aðgerðir til að auka sýnileika verkefnisins eru nú þegar hafnar, bæði á miðlum FKA og Jafnvægisvogarinnar (LinkedIn, Facebook og Instagram).
- Við greiningu á gögnum kom bersýnilega í ljós að langt er í land með að fá þátttakendur á meðal leiðandi aðila á íslenskum markaði – þar á meðal skráð félög, lífeyrissjóði, sveitarfélög og ríkisfyrirtæki – til að stíga fram, sýna fordæmi og leiða nauðsynlega umbreytingu á efsta stjórnunarstigi. Margir þessara aðila uppfylla nú þegar skilyrði Jafnvægisvogarinnar.
- Hvatningarpóstur hefur verið sendur til 44 sveitarfélaga. Nokkrum verður fylgt eftir með símtölum. Þá hefur verið bókaður fundur með Kauphöllinni og öðrum lykilaðilum, sem talið er mikilvægt skref í framhaldinu.
- Unnið verður markvisst með skilgreiningu og nálgun gagnvart mismunandi atvinnugeirum og unnið með listann yfir framúrskarandi fyrirtæki, án efa mörg falin tækifæri á meðal þeirra.

Samstarf

Hugmynd er uppi um að kanna samstarf við SA, SI, Viðskiptablaðið, Stjórnvísí, Dokkuna o.fl.

Stjórn beðin um þátttöku í innpökkun á viðurkenningum, aðstoð á deginum sjálfum svo og gróðursetningu. Verkefnastjóri sendir út fundarboð þegar ný stjórn er sett.

Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með framtíðarplön og tekur vel í alla aðstoð. Verkefnastjóri óskar almennt eftir dagskrárlið á stjórnarfundum fyrir Jafnvægisvogina. Samþykkt samhljóða.

3 – Erindi um „Virkonur“ rafmagnsverkfræðikonur (ISS)

Erindi barst stjórn 31. mars sl. frá Brynju Þorsteinsdóttur. Greinagott innihald þess er áhugi á að stofna fagklúbb fyrir rafmagnsverkfræðikonur undir merkjum FKA, með vinnuheitinu „Virkonur“. Markmiðið er að efla konur í sérgreininni og skapa fordæmi fyrir aðrar fagstéttir innan FKA.

Hugmyndir að starfsemi, fjármögnun, tengingu við FKA, samstarfi og viðburði er meðal annars efni erindisins. Hugmyndin er talin skapa fyrirmynd sem aðrar sérgreinar geti nýtt. Óskað er eftir afstöðu stjórnar til hugmyndarinnar og eftir samstarfi við rafmagnsverkfræðikonur um að keyra prufuverkefni af stað með Virkonum.

Umræða skapast um hópa innan félagsins og stofnun á Facebook síðum í nafni þeirra (svokölluðum Facebook hópum). Skipulagið er þannig í dag að framkvæmdastjóri hefur ekki „admin“ réttindi í hópnum sem getur orsakað flækjustig ef konur hætta og yfirgefa hópa sem stýra síðunum. Lagt er til að þessu verði breytt og gerð krafa um aðkomu skrifstofu.

Stjórn fagnar erindinu og þakkar greinagóða sundurliðun. Í gegnum tíðina hafa konur verið áhugasamar um að stofna hópa og margir orðið að veruleika. Stjórn leggur til að stofnaður verði hópur og jafnvel hugsa hann í víðara samhengi þar sem þetta er mjög afmarkaður hópur. Mikilvægt telst að gefa félagskonum grundvöll fyrir því að stofna hópa, bjóða þeim aðstöðu í Húsi atvinnulífsins fyrir fundi, viðburði o.fl.



4 – Framfylgni laga og umræða; kjörstjórn, kerfi, ráð og aðalfundur ss. staður, streymi (ISS og GHJ)
Aðalfundur verður haldinn í Borgartúninu 19. maí nk. Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í streymi. Þann 8. maí er síðasti skiladagur framboðs. Laus sæti í stjórn næsta starfsárs eru; þrjú sæti til 2 ára, eitt sæti til 1 árs, þrjú sæti til vara.

Kjörstjórn fyrir næsta stjórnarframboð:

Fjóla Guðrún Friðriksdóttir, formaður kjörstjórnar, Iðunn Kristín Grétarsdóttir og Helga Björg Steinþórsdóttir. Varakonur: Hafdís Perla Hafsteinsdóttir og Sara Dögg Davíðsdóttir Baxter.

Fundarstjóri aðalfundar er Svanhildur Jónsdóttir og fundarritari Hafdís Perla Hafsteinsdóttir.

Kjörstjórn setur upp reglur um hvernig má bjóða sig fram. Fram kemur að skýrt þurfi að vera hvernig haga má framboði, þar með talið kynningarefni o.þ.h. Notast verður við kosningakerfi frá Kaktus.

Allar varakonur eru hvattar til að bjóða sig fram áfram. Umræða á sér stað um dagskrá fundarins og lagabreytingar sem kosið verður um á aðalfundi, m.a. um fjölda kvenna í stjórn. Heildarendurskoðun laga félagsins þarf að eiga sér stað og er mælt með því að hún verði eitt af verkefnum næsta starfsárs.

5 – Sýnileikadagur eftirfylgni (RV og AR)

Samfélagsmiðlar FKA á Sýnileikadeginum (Unnur Agnes hjá Spark sá um upptökur).

Instagram:

- Reel birt ókostað, fékk 5.500 áhorf.
- Viðtöl við þátttakendur um hvað þær tóku með sér frá deginum birtust um svipað leyti og fengu 2.300 áhorf.
- Viðtöl þar sem spurt var „Af hverju FKA“ fengu 1.300 áhorf. Efnið er endurnýtanlegt sem auglýsingaefni til að laða að nýjar félagskonur.

Facebook (lokuð síða):

- Öllum framangreindum myndböndum deilt, með hvatningu til að fara yfir á Instagram og deila.
- Cover-mynd uppfærð (mynd af Sýnileikanefnd og síðar frá erindi á sviði).
- Þakkir frá skrifstofu til Sýnileikanefndar ásamt tengli á upptöku dagsins.
- Góð viðbrögð við færslu frá Sylvíu Briem þar sem hún þakkaði fyrir daginn.

Facebook (aðalsíða):

- Cover-mynd uppfærð (Festi, Eik og Ingibjörg formaður á sviði).
- Þakkir frá FKA til Sýnileikanefndar, þátttakenda og gesta; reel frá Spark birt samhliða.
- Tengill á myndasyrpu á fka.is.
- Tengill á frétt á mbl.is/Smartlandi frá deginum („Hera Björk var í essinu sínu með FKA konum“).

Tölvupóstur frá skrifstofu og fka.is:

- AR sendi könnun og link á myndasafn til þátttakenda; meðaleinkunn 9,4 af 10, frábært.
- Umfjöllun um happdrættisvinninga og styrktaraðila.
- Umfjöllun um aðkomu Spark (upptökur), StudioBloom (blómaskreytingar) og Veroniku (portrettmyndir).
- Birting á vinningshafa í Blue Lagoon Skin Science leik.
- Frétt um myndasyrpu frá deginum.
- Þakkir sendar frá skrifstofu til fyrirlesara og styrktaraðila, m.a. Arion banka sem bauð heim.
- Fyrirlesarar fengu sendan tengil á sínar myndir.



Teams / skipulag og annað:

- Yfirlit yfir 150 verkþætti komið í Excel-skjal til framtíðarnotkunar.
- Yfirlit yfir kostnað, tegundir og birtingar auglýsinga.
- Skilgreind ábyrgðarhlutverk á deginum og grunnur að samskiptum við fyrirlesara, Arion banka o.fl. til stuðnings næsta verkefnastjóra.
- Hugmynd um framhald („Að skapa sig og endurskapa vol. 2“) í haust.
- Nefnd mun funda og fara yfir hvað gekk vel og hvað mætti bæta.
- Minnisblað er í vinnslu.

6 – FKA Framtíð niðurstöður fundar 13. apríl – fjármagn, aldur, hlutverk, UAK o.fl. (ISS, MH og GHJ)

Nú nýverið var fundur með AR, GHJ og ISS og stjórn FKA Framtíðar. Að baki er afar farsælt og vel heppnað starfsár og lýstu stjórnarkonur almennri ánægju með starfið. Hluti stjórnar heldur áfram störfum en kosið verður um fjögur sæti á næsta tímabili.

Rætt er um aldurssamsetningu félagsins og þá skapast umræða um hvað teljist „ung kona“. Fram kemur að þörf sé á að ná betur til yngri kynslóðarinnar innan FKA Framtíðar.

MH benti á að skortur væri á vettvangi fyrir ungar konur í atvinnulífinu sem ekki tilheyra hópum á borð við AtvinnurekendaAuð og LeiðtogaAuði. Þrátt fyrir að ákvæði um þetta sé til staðar í lögum félagsins sé tilfinningin sú að skoða megi málið nánar og efla þennan þátt. Áréttað er að sérfræðingar dagsins í dag séu líklegir stjórnendur framtíðarinnar eða atvinnurekendur. Mikilvægt sé að halda áfram að tryggja að allar konur finni sér stað innan félagsins. Bent er á mikilvægi viðburða á borð við ungliðamóttöku og „framtíðarkonur“ sem sérstaklega miða að yngsta hópi félagskvenna.

Einnig er rætt um þróun þátttöku þegar konur eru að kynnast félaginu og máta sig við það og vísað til reynslu ungrar félagskonu.

Fjallað er um þátttöku FKA á Framadögum og hvernig hægt sé að nýta slíka viðburði til að ná betur til yngri kynslóða. Lagt er til að rýna í ímynd félagsins, brjóta upp staðalímyndir og skýra betur markmið FKA í markaðsstarfi. Undirstrikað er að konur séu á mismunandi stöðum í sínu starfsferli og mikilvægt sé að mæta þeim þar sem þær eru – „við byrjum jú allar einhvers staðar“.

Að lokum er lögð fram tillaga um að næsti starfsvetur verði tileinkaður auknum fókusi á að ná til yngri kynslóðarinnar og efla þátttöku hennar í starfi félagsins.

7 – Erindi um fastanefnd um hagsmuni kvenna í atvinnulífinu (ISS)

Stjórn barst erindi dagsett 9. apríl sl. frá Þórdísi Yngvadóttur. Lagt er til að FKA skipi fasta 3–6 kvenna nefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með þjóðfélagsumræðu og bregðast við málum sem varða hagsmuni kvenna í atvinnulífinu, í samræmi við tilgang félagsins.

Nefndin myndi taka virkan þátt í umsögnum um lagafrumvörp og samráði við stjórnvöld og þannig hafa áhrif á stefnumótun og reglusetningu sem snertir stöðu kvenna, nýsköpun og atvinnurekstur. Slík þátttaka myndi efla áhrif, sýnileika og mikilvægi FKA og skapa aukin tækifæri fyrir félagskonur til að leggja sitt af mörkum í málefna- og atvinnustarfi.



Stjórn þakkar fyrir vel ígrundað og metnaðarfullt erindi um skipun fastanefndar innan FKA. Það er augljóst að lögð hefur verið mikil vinna í tillöguna með markmið félagsins í huga, að styrkja stöðu kvenna í atvinnulífinu.

Eftir yfirferð og umræður telur stjórn þó að svo stöddu sé ekki tilefni til að fara í þá breytingu sem tillagan felur í sér. Núverandi skipulag og starfshættir félagsins eru taldir þjóna markmiðum þess með fullnægjandi hætti, félagið sé ekki pólitískt, og áhersla er lögð á að nýta þá farvegi sem þegar eru til staðar.

Innlegg sem þessi eru mikilvæg og stuðla að áframhaldandi þróun og umræðu innan FKA.

9 – Önnur mál

The Reykjavik Global Forum (AR)

Sjá dagskrárlið 1.

Erindi frá FKA Norðurland

Erindi barst stjórn 11. apríl sl. frá FKA Norðurlandi, Jóhönnu Hildi. ISS les upp erindið.

Starf FKA á Norðurlandi hefur gengið mjög vel með aukinni þátttöku, sýnileika og virkni, meðal annars vegna markvissrar hvatningar og beinna samskipta við félagskonur.

Sterkur stuðningur framkvæmdastjóra og aukin tenging við aðalstarf félagsins, m.a. í gegnum Sýnileikadaginn, hefur haft jákvæð áhrif á upplifun og þátttöku nýrra og eldri félagskvenna.

Lagt er til að félagið styrki enn frekar tengingu við landsbyggðardeildir með því að kosta árlega heimsókn framkvæmdastjóra og stjórnarfélaga á viðburði þeirra.

Stjórn samþykkir samhljóða þessa tillögu. Einnig kemur fram hugmynd um að samnýta ferð með Jafnvægisvog FKA þar sem hugað er að kynningarstarfi á landsbyggðinni í haust og næsta starfsvetur.

Fundi slitið 13.59.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.